

Verklagsregla um Birtingasjóð Háskóla Íslands

Tilgangur og gildissvið

Birtingasjóður Háskóla Íslands styrkir kostnað vegna birtinga vísindagreina í opnum aðgangi. Vísinda- og nýsköpunarsvið (VNS) sér um umsýslu og rekstur sjóðsins og tekur ákvörðun um greiðslu styrkja í samræmi við neðangreind ákvæði.

Ábyrgð

Vísinda- og nýsköpunarsvið ber ábyrgð á að verklagsreglan sé rétt á hverjum tíma og ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt henni. Háskólaráð ákveður árlega fjárhæð í sjóðnum.

Framkvæmd

1. Umsækjendur

- Umsækjandi skal vera tengiliður við höfunda greinarinnar (*e. corresponding author*).
- Hann skal vera akademískur starfsmaður með rannsóknaskyldu (aðjúnt, lektor, dósent, prófessor, rannsóknalektor, rannsóknadósent, rannsóknaprófessor), nýdoktor við Háskóla Íslands eða doktorsnemi við Háskóla Íslands.
- Fyrst um sinn verður áhersla lögð á að ungt vísindafólk, svo sem doktorsnemar og nýdoktorar hafi forgang um styrki úr sjóðnum auk birtinga á vettvangi sem gerir einstaklega strangar vísindalegar kröfur.

2. Hvað er styrkt?

- Eingöngu eru styrktar birtingar ritrýndra vísindagreina eða bókakafla með afurðum grunnrannsókna og ritrýndar yfirlitsgreinar í opnum aðgangi. Ritstjórnargreinar, styttri ábendingar í vísindatímaritum og svokallaðar tilfelloagreinar eru ekki styrktar.
- Umsækjandi skal merkja greinina Háskóla Íslands.
- Umsækjandi staðfestir að hann eigi ekki kost á annarri fjármögnun í tengslum við viðkomandi birtingu.

3. Umsóknarferli

- Unnt er að sækja um styrk í sjóðinn allt árið.
- Sótt er um þegar grein eða bókarkafli hefur verið samþykktur til birtingar.
- Að jafnaði er styrkumsóknum svarað innan tveggja virkra daga. Ef umsókn er hafnað skal VNS rökstyðja niðurstöðu sína.

4. Mat á umsóknum og kröfur til tímarita/forlaga

- Tímarit þurfa að uppfylla kröfur sem matskerfi opinberra háskóla gerir til ritrýndra tímarita og bókaverka og vera skráð í einum eða fleiri af eftirfarandi gagnagrunnum/matskerfum:
 - Scopus
 - Web of Science
 - Norska matskerfinu (sem fá einkunnina 1 eða hærra)
 - Finnska matskerfinu (sem fá einkunnina 1 eða hærra)

- b. Jafnan er miðað við að tímaritið sé einnig skráð í *Directory of Open Access Journals* (*doaj.org*) og gerð er krafa um að efnið sé birt með svokölluðu CC leyfi.
- c. Þrátt fyrir framangreint er heimilt að hafna styrkbeiðni ef vísindatímarit uppfyllir ekki gæðakröfur að mati VNS. Komi til þess að styrkbeiðni sé hafnað af þessum sökum skal VNS rökstyðja niðurstöðu sína.

5. Fjárhæð styrks og greiðslu tilhögun

- a. Styrkfjárhæð tekur mið af raunkostnaði samkvæmt reikningi frá forlagi.
- b. Styrkur er greiddur inn á rannsóknareikning umsækjanda eða eftir atvikum leiðbeinanda hans.

6. Gildistaka og endurskoðun

- a. Verklagsreglur þessar taka gildi frá 1. október 2025.
- b. Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar eigi síðar en 1. október 2026.